SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND
Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

Skagaströnd 03.12.22

Umsögn Sveitarfélagsins Skagastrandar um „Grænbók um sveitarstjórnarmál“
Mál nr. 229/2022

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar hefur kynnt sér Grænbók um málefni sveitarfélaga og fagnar allri vinnu og stefnumótun er miðar að styrkingu sveitarstjórnarstigsins á Íslandi óháð stærð og íbúafjölda sveitarfélaga.

Sveitarstjórn hefur jafnframt kynnt sér fyrirliggjandi umsagnir Grýtubakkahrepps, Súðavíkurhrepps og Grímsnes- og Grafningshrepps um málið og tekur heilshugar undir það sem kemur fram í þeim umsögnum. Sérstaklega hvað varðar *kafla 3.1.1. Þróun sveitarstjórnarstigsins.*

Sveitarstjórn gerir athugasemd við að í starfshópnum sem er skipaður til að fjalla um málefni allra sveitarfélaga landsins sé enginn fulltrúi sveitarfélaga með undir 4000 íbúa. Sveitarstjórn skorar á Innviðaráðherra að bæta fulltrúa frá minni sveitarfélögum í starfshópinn til þess að tryggja að sjónarmið allra komist að við þessa mikilvægu vinnu.

F.h. sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar
Alexandra Jóhannesdóttir
Sveitarstjóri